

Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvort að búið sé að meta áhrif aukinnar umferðar á samgöngumannvirki borgarinnar eins og Ártúnsbrekku og Vesturlandsveg ekki síst í ljósi fyrirhugaðrar uppbygging byggðar í Ártúnshöfða og Keldnalandi sem fjölga íbúum þar um líklega 30.000 plús.

Einnig er spurt hvort að búið sé að reikna út umferðarálag í Reykjavík vegna nýs skipulags?

Loks er spurt um aðgerðir Reykjavíkurborgar til að mæta þessum aukna umferðarþunga en ef miðað er við núverandi akstur per íbúa má ætla að samhliða þessari uppbyggingu gæti fjölda bílferða aukast um allt að $30.000 * 3,2$ ferðir eða um allt að 100.000 á dag.

Greinargerð

Vissulega er það von borgarinnar að fleiri noti umhverfisvæna samgöngur, taki strætó, hjóli eða gangi. Vonandi mun það eitthvað draga úr umferðarflæði. Óljóst er hins vegar um fjármögnun á borgarlínu verkefninu og hversu árangursríkt það verður til að minnka umferð einkabíla. Hins vegar liggur ljóst fyrir að bílum er að fjölga. Frekari uppbygging íbúða sem sárlega er beðið eftir mun þýða auknar tafir á Vesturlandsveginn og Ártúnsbrekku sem er nú þegar sprungið. Hafa þarf jafnframt í huga aukningu íbúa t.d. í Blikastaðalandinu, Akranesi, Úlfarsárdal o.fl.

Nú er búið að teikna upp skipulagsdrög á svæðinu, og þar er því væntanlega búið að meta áhrif aksturs til og frá í því skipulagi? Telja má að miða við framgang undirbúnings Sundabrautar að hún verður ekki orðin að veruleika næstu 10-15 árin. Óljóst er hvenær Reykvíkingar sjá borgarlínuna og lega Sundabrautar liggur t.d. ekki enn fyrir. Við þetta má einnig bæta að Suðurlandsbraut á að verða 1 plús 1 í stað 2 plús 2 og framkvæmdir við Sæbraut (áætlað 2027) munu hefta þar umferð í 3 – 4 ár.

Það stefnir því að mati Flokks Fólksins í algjört óefni með samgöngur í Reykjavíkurborg og því fullt tilefni til að fara strax í úttekt á því hvernig þörfin breytist næstu árin og hvernig leysa eigi úr þeim vandræðum sem blasa við öllum.